


⁴ Sjóðernir, G. J. Kærsted

HEIMIR



EFNISYFIRLIT :

	Bls
Síðir og hægisiðir	49
Kristileg síðfræði	57
Útdráttur úr ræðu Vilhjálms Stefánssonar	63
Bóka og handrita safn kyrkjufelagsins ...	66
Trúðar	69
Lottei	72



IX. ÁR

1913

3 BLAÐ

TIMBUR, GLUGGAR, HURDIR.

Vjer höfum miklar birgðir af tegldu og óteglu timbri. Vor innanhúss "Finishing", gluggakarmar, hurðir og listar, eiga enga sfná jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Beztu tegundir innviða, hvort heldur um smáhýsi eða stórhýsi er að ræða.

Gluggar og gler af allri gjörð og lægsta verði. Beztu tegundir skjólklæðninga og veggjapappa. Sama verð og sömu skil sýnd pöntunum utan sem innan bæjar. Skrifid eftir verðlista, eða

komið til vor

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LIMITED.
HENRY AVE. EAST.

The CANADIAN ASPHALT COMPANY, Ltd.
147 BANNATYNE AVE., EAST. WINNIPEG.


ASPHALT, ÞAKEFNI, HÚSAPAPPI, LINOVELT,
ASBESTOS OG VEGGBORÐ.

Vjer höfum úrval af allskyns ÞAKEFNUM, HÚSAPAPPA af öllum tegundum. VEGGBORÐ, er nota má innan í hús í stað plasturs. ASBESTOS klæðningar á heitavatns pípur og eldfæri — er spara eldivið.

Byggið húsin hlý! Notið LINOVELT í veggina, þá haldið þjer kuldánun úti og þurfið ekki að flytja inn kolin. Leggið LINOVELT undir gólfín, það dregur úr hljóði. Sýnishorn ókeypis. Upplýsingar um verð og fl. veitum vjer með ánægju.

Ólafur Pjetursson, og fleiri íslenzkir byggingamenn, mæla hið besta með LINOVELT.

THE CANADIAN ASPHALT Co. LTD.
147 Bannatyne East. Tel. Main: 2959. Wpeg.



IX. árgangur

WINNIPEG, 1913.

3. blað.

Siðir og helgisiðir.

Fyrirlestur fluttur á 7. þingi hins Únntaríska kyrkjufjelags,
18. apríl 1913.

Framhald.

Hugsanir vorar, um þýðingu og heilagleik lífsins, koma fram í ýmsum athöfnum og gjörðum. Þær taka á sig sýnilegan buning, verða holdi klæddar. Þetta eru vorir "Helgisiðir". Oftast eru þessar athafnir í sambandi við trúarskoðanir vorar, og þá einz og ástatt er, í voru mannfjelagi, í sambandi við kyrkjuna.

Kyrkjan kveður á um helgidóm lífsins, fremst allra stofnana mannfjelagsins. Lífið er heilagt. Mannlegt líf á upptök sín hjá allsherjar lífgjafa tilverunnar, heilagleikans guði. Mannslífið verður ekki metið til verðs. "Þú skalt ekki mann deyða".

Þenna sannleika á kyrkjan að vernda, minna á hann, sýna að hann sje á rökum byggður, og vera sá gríðastaður, þar sem heilagleiki lífsins á sjer athvarf og eilífan bústað á jörðunni.

Margur spyr og hefir spurt, hvort kyrkjan sje slíkur gríðastaður, og viljað neita því. Þess ber þá fyrst og fremst að gæta, að hjer er ekki verið að tala um sjerstaka grein kyrkjunnar, heldur

allsherjar kyrkjuna á jörðunni. Ef kyrkjan er ekki sá gríðastaður, þar sem heilagleiki lfsins á sjer athvarf, þá er enginn sá staður til.

En svo getur margt fleira búið þar, og þvf miður býr þar. En það er af þvf að hugsun manna um gildi og þýðingu lfsins er ógöfug, og skapar sú hugsun ógöfuga siði og háttsemi, er taka sjer þar bólfestu. Það er með helgisiði eins og siði, að þeir eru á misháu stigi, eftir því hverjir mennirnir eru, sem hugsanirnar ala og siðina semja.

Sköðunin á heilagleika lfsins, tekur á sig sýnilegan buning í athöfn um kyrkjunnar.

Að minna á heilagleikann, halda þvf hugtaki vakandi, þroska það í hugum manna, er gjört með hinum svo nefndu guðsþjónustun, sem fluttar eru á tilsettum tíma. Og sú athöfn er guðsþjónusta. Þegar athöfnin uppfyllir þá hugsun, að minna á eðli, tilgang og helgidóm lfsins, þá er þjónusta guði af hendi látin. Þá lærir hver maður betur að skilja sjálfan sig, að hann er sem eitt andtak, einn andardráttur eilífðarinnar. Honum lærist að minnast sinna rjettu blutfalla og stærðar, mæla hugsanir sínar og miða þær við eðli þess lfs, sem í honum býr, rjetta það sem rangt er í fari sínu og láta bluttekningu sína ná út til samferðamannanna, er hann sjer, að heita má, eru hið sama og hann sjálfur. Allir eiga einn og sama uppruna og allir verða sömu sköpum að hlýða. Mismunur mannanna verður minni og minni, þess gjör sem lífið er skoðað. Lskaminn er búningurinn, en lífið er alt eitt, þótt það birtist í mörgum myndum.

Þegar þetta er fyllilega ljóst, draga menn sig nær allsherjar lífinu, lífa stærra, meir hver fyrir annan, á þann hátt, þjóna guði, — hinni sameiginlegu velferð allra manna.

Þátt-taka guðsþjónustunnar, er sá helgisiður, sem nauðsynlegt er að sem flestum lærist, og sem enginn getur sneitt sig hjá, svo siðfágun hans og menning ekki lfti. Margt þjóðar vorrar er þó á öðru máli, og sýnir það, sem fleira, hvað siðfágun vorri er ábótavant.

Margar afsakanir eru fram bornar fyrir vanrækslu guðsþjónustunnar og þeim fágunarskort, í ræðum manna á meðal um kyrkjulega hluti, er tíðum kemur fram. Eru fæstar þeirra takandi til

greini þar, fremur en annarstaðar, þar sem verið er að mæla ósið-um og eigingirni bót. Þó er ein afsökunin, er vjer ekki fáum leitt hjá oss að minnast á, af því hún er hið hróplegasta spött og yfir-drepiskapur í þessum efnum, en gengur fram í vandlætningar gerfi. En það er, þegar menn þykjast guðs vegna sneiða sig hjá kyrkju-um og guðsþjónustum! "Eg hefði mæna trú fyrir mig", segja þeir. "Eg álst að guði verði ekki þjónað, og sje lítið þjónað með kyrkjusókn og því sem þar fer fram, og svo held eg hann komist af án minnar þjónustu. Eg veit alveg eins mikið um þetta trúar-lega eins og presturinn".

Fáir leyfa sjer að tala svo, að vísu, nema afar ljett-mentaðir og litt-hugsandi menn. Þeir eru vfst fremur lærðir en leikir í guðfræðinni þessir sömu, er lesið hafa í það allia mesta eitt bæna-kver, frá því þeir komust á fullordinsár.

Hvort guði er þjónað með komu mannsins til kyrkju eða ann-arstaðar, er ut dir mannum sjá'fum komið. En ef svo er, að guði sje ekki þjónað með þangaðkomu mannsins, þá er það ekki kyrkjunnar skuld. Og það er ekki guð, sem missir nokkurs í við það, heldur maðurinn sjálfur. Áreiðanlega kemst guð af án okkar þjónustu, en jeg þekki engan þann mann, er kemst af, án hinnar sönu guðsþjónustu, hvort heldur hún er innifalin í því, að læra að þekkja sjálfan sig og læra að meta lífið rjettilega, eða það er að auðga og stærkka hluttekningu sína með annara kjörum, svo að rjettlætinu sje trygð framtíð í heiminum.

Sú er skoðun vor, að það sje ekki eingöngu rjett og sjálfsgat fyrir hvern einn, karl eða konu, að tilheyra kyrkjulegum fjelags-skap, og sækja guðsþjónustur sinnar eigin kyrkju, svo oft sem a ið er, heldur sje það menningarskortur og beri vott um óprosl-ada siðferðis hugsjón, að halda sig þar frá. Og það verður ekki afsakað á nokkurn hátt, fremur en það verður afsakað að vanrækja mentun og lærdóm er hversdagslífið útheimtir.

Eins og guðsþjónustan er hugsun vor, færð í sýnilegan bú-ning um gildi og þýðingu lífsins, svo eru og þeir þrír aðrir helgisíð-ir, skírn, ferming og útför, skoðanir vorar um helgi, skyldleika og hina djúpu leyndardóma lífsins, færðar í sýnilegan búning með þeim athöfnum.

Skírni er háttölleg yfirlýsing um hingað tilkomu nýrrar sálar.

Vjer aðgreinum frá öðrum, með nafni, hinn nýja förunaut, og lýsum blessan vorri yfir honum og felum hann guðs umsjá. Hver vill ekki leggja blessun sína yfir höfuð litlu barni; blessa spor þess og vöxt og Tröska hjér í heimi? Hver ætti að vera velkomnari hingað á jörð?

Fjöldi mesti vanrækir þó skírni. "Skírni er eintóm kredda. hjegóni og vitleysa. Eg held jeg geti nefnt barnið án skírnar og það komist af með það". — Það er hægt að nefna barnið. Það er líka satt, það kemst af með það nafn. En heimilið drýgir synd gagnvart barninu, gagnvart þjóðfjelaginu og gagnvart sjálfu sjer, er kemur fram í því, að það vanrækir að votta lífinu virðingu við byrjun þess. Og sú vanræksla smeygir inn í þjóðarvitundina virðingarskortir fyrir gildi og göfgi lífsins, og greiðir veg þeim skoðunum er setur manninn jafnfætis dýrunum, hrindir honum niður þær tröppur, sem framþróunin hefir fært hann upp, í þús-hundruðir ára.

Fermingin er inntaka unglingsins í fjelag hinna eldri. Þau títmamót eru svo ákveðin og skýr í æfi hvers manns, að það er ekki nema skyldugt og verðugt að þeirra sje minst með tilhlýðilegum undirbúningi og athöfn. Eðlislögmálið segir til þess sjálf. Á þessum títmamótum æfinnar, þegar barnsaldurinn er að hverfa og manndómsskeiðið að mernna, er ungmenninu boðin bróðurhönd samferða-sveitarinnar. Fyrstu uppfræðsluárin eru liðin. Barnalærdómurinn lærður. "Faðir vor" lesið, og opnaðar til hálfis dýrnar að dulræni lífsins. Og fermingin er yfirlýsing um, að ungmennið sje nú ferðbúið, að fylgjast með hinum eldri, skoða, athuga og leggja sinn skilning í gildi og þýðingu lífsins.

Margir hjeldu fast á móti þessari athöfn, þessum helgisið. "Unglingurinn kemst til manns án þess. Það er hleypidómur og ekkert annað". Auðvitað kemst unglingurinn til manns án þess, en það tefur ekki heldur fyrir manndóms þroska hans. Og með því að hafna þessum sið, er einu tækifæri og því þýðingarmiklu, bleypt hjá, að votta lífinu virðing og bróðurhug. Og á þeim tíma hefir það ekkert smá áhrif til góðs ásetnings fyrir unglinginn. Það er vottur, þroskaleysis í siðfagunarátt, að hafna þessum sið, og

kæruleysis og hirðuleysis um fsamtsð þess unga. Þótt leiðin sje gjörð sem glöggust, er nógu vandratæð samt. Og það er skylda vor að gjöra leiðina beina og greiða, öllum sem eru á þroskaárunum á meðal vor. Í þá átt miðar öll mannúðar og siðgæðis starfsemi þjóðfélagsins.

Það eru sett lög er láta það varða refsingu, að tæla unglinga til lasta, drykkju eða óhollra hugsana. Það er settur, og það hjer í borg, sjerstakur dómstóll til þess að gjöra um afbrot ómyndugra, svo að mannorð þeirra og hugarfar skuli ekki btda eins mikla hnekki, eins og ef þeim væri safnað saman með forhertum og illræmdum glæpamönnum. Það er fyrirboðið að leyfa unglingum að hlusta á rjettarfar í störglæpamálum. Þeim er bannað að vera á spilahúsum, eða þar sem ósiðlegar myndir eru hafðar til sýnis. Þeim er óleyfilegt að kaupa vindlinga eða tóbak. Það er reynt með lögum að vernda þá fyrir illum áhrifum á verkstofum. Það er sjeð um þeir svfkist ekki undan skóla, svo þeir skuli læra það sem þeim er nauðsynlegt til þess, að geta rækt sín hvers-dagsstörf. Alt þetta er frelsisskerðing á vissan hátt. En það er sú frelsisskerðing, sem þeim er fyrir beztu. Og það játa allir. En er þá ekki undarleg sú afsökun foreldra og yfirboðara, og mótmæli þeirra gegn fermingu: Að þau ekki vilji skerða frelsi barnsins síns, eða hafa áhrif á það í trúarefnum, með því að láta það læra undirstöðu atriði mannglegrar trúar og 'Faðir vor'. Og er þá ekki betra að inn hjá barninu sjálfu komist skilningur á göfgi og gildi lffsins, og verður það ekki traustari vernd á lffsleiðinni, heldur en þó lagaboðin fyrirbjóði því eitt og annað, og það skilji ekki vegna hvers, fyrr en það sjálfst hefir rekið sig á, eða æfnni hallar til efri ára.

Og um Útför segja margir: "Eg vil enga útför hafa. Eg vil ekki láta hafa neina viðhöfn þá, rjett að grafa þegjandi, og láta hvorki syngja eða tala yfir þeim dauða. Hann er farinn og hefir ekkert gagn af því. Hann kemst í moldina eins fyrir því. Það er hjegómi alt, og margt sagt þá, sem hvorki á við nje er satt". Eg ber ekki á móti því, að áður meir fanst mjer þetta hafa við tölúvert að styðjast, en eg er löngu fallinn frá því. Sá látni hefir ekkert gagn af því sem gjört er, þegar hann er dáinn. Þá er alt

of seint. Þó eru held eg flestir á því, að þeim látna sje tjón að því, ef ranglega er ófrægd minning hans, eða það um hann sagt, er hann aldrei átti sök fyrir og horfir til vansæmdar. Flestir vilja þá taka svári hans og það rjettilega, því slíkt er hið mesta niðingsverk. En nú er bæði sæmd og virðing hins látna hallað með því, að lítils virða fráför hans. Það er í allra augum ljóst. En þó svo væri ekki, og vjer vitum að þeim látna er jafn borgið, hvort sem oð vor eru mörg eða fá, þá samt er lífinu sjálfu gjört rangt til með því. Viðkvæmninni með lífinu er ekki fullnægt með því, og virðingunni. Íó allir athurðir a finnar sjeu gjörðir eins virðulegir og frekast er unt, er tfguleiki manulegs lífs ekki of mikill samt.

Þetta er síðasti skilnaðurinn. Æfin er enduð og samleiddinni lokið. Hið minsta, og það einasta, og þar í er sorgarmál alls lífsins innifalið, er vjer þá fáum veitt, er að kveðja og fylgja honum síðustu gönguna, greiða honum seinasta starfann, leggja teyfar hans til hvíldar. Og viðkvæmnin með lífinu krefst þess að vjer gjörum það.

Heilsam með virðingu þeim sem fæðast, veitum viðtöku með vináttu og kærleika þeim, sem vaxa upp, og kveðjum með viðkvæmni og þökk, þá sem burt fara. Það er sálarinnar helgimál og lífsins guðlegt boð.

Og fáein orð í viðbót, viðvskjandi afstöðu vorri og annara frjálstrúar kyrkna gagnvart helgisiðum, og skal eg svo láta máli þessu lokið.

Í endurbótar baráttunni að hreinsa til í síðum og kenningum kyrkjunnar, geta ávalt komið fram tvennskonar yfirsjónir. Önnur er sú, að ekki sje nógu vel hreinsað til, og fult samræmi feugði hinni nýju kenningu; hin er sú, að of langt sje gengið og það tekið á burt er stöur skyldi. Í fyrra tilfellinu höfum vjer dæmi lúthersku kyrkjunnar, eftir að hún varð aðskila við katólsku kyrkjuna. Margt það sem hún hefði átt að skilja eftir úr pápiskunni, tók hún með, svo sem altaris sakramentið, kraftaverkið sem kyrkjan sjálf á að gjöra á brauði og víni, breyta því í líkama og blóð. Kenninguna um fordæming ungbarna og yfináttúrlega verkun skórnarinnar, kenninguna um gjörspilling maunsins, um iðrunar rjettlætingu án tilverknadar mannsins, blóðfornar friðþæging o. fl.

Svo er og með fjálfstrúar kyrkjuna, aftur má virðast að hún hafi gengið helzt til langt á ýmsum svæðum, og fremur veikt afstöðu sína en styrkt með því, sem hún hefir hafnað. Það er aðallega á svæðum helgisiðanna. Hún hefir breinsað til í kenningu, eftir því sem heilbrigð hugsun bauð, og farið alveg rjett þar að. En þar sem kemur til helgisiðanna, hefir hún sópað sem næst öllu á burt, og kennir þar fremur þröngsýnnar ofstæki í þeim efnum, en hyggni og sanngirnis. Kyrkjan hefir tapað í því að tign og fegurð, og áhrif hennar ekki orðið eins mikil og svert eins vel sál-arlíf manna, og annars hefði verið. Fegurðar hugsjónin má hvergi gleymast. Hún á sama helgi og rjett og sannleikurinn. Hún er sannleikur, hin lifandi mynd hans. Þar sem hann birtist starfandi og verkandi. Sögnin um gang himinhnattanna, brautir sólkerfisins, uppruna lftegundanna á jörðunni, er sannleikur. En sólkerfið sjálf, á reiki um geiminn, jörðin lifandi og kvik dýrum og jurtum, er fegurðarmyndin, og engu síður sannleikur.

Hið fyrsta, að kyrkjurnar eru afhjúpaðar öllu skrauti, dregur úr fegurð þeirra og tfguleik, setur þar ekkert ofar hverjum öðrum stöðum. Þær verka ekki á skynjunarfærin, nje örfa hugann til hátfölegra hugsana. Frijálfstrúar kyrkjurnar ættu að vera fegurstu bænahúsini á jörðunni. Hugsunin um guð, og hinn göfuga tilgang mannsins, er hjer í herfilegu ósamræmi við þann stað, þar sem þessar hugsjónir eiga að búa. Kyrkjan er köld, af því hún veitir fegurðartilfinningunni ekkert líf. Þroskun og menning mannsins er ekki eingöngu lærdómur, heldur dómgreind og smekkvísi og aðgreining á því göfuga og háa, frá því vasaæmilega og lága. Svo er með síðina. Messugjörðin á að vera hátföleg. Allur söfnuðurinn ætti að finna, að hann sje hluttakandi í þeirri athöfn. Að hann á þeim stundum sje staddur á helgri jörð, þar sem runninn logar, augliti til auglitis við smar æðstu hugsjónir. Með því verður ekki messan gjörð einfaldari, heldur margbrotnari. Meiri söngur, fleiri hreyfingar innan kyrkjunnar. Raðan getur að vísá enn verið stærsta atriðið, en hún verður þá ekki lengur eina atriðið við messuna eins og nú er. Heldur hin almenna þátt-taka í athöfninni. Lestur og svör milli prests og safnaðar, söngur viðeigandi, er skapi rjettan hugblæ meðal þeirra sem viðstaddir eru.

Bið eftir hvern kaffa mesu athafnarinnar, þar sem orgeltónar kyrkjunnar taka við. Biðin veitir frest til flugunar á þvf, sem verið er að fara með, orgelleikurinn skýrir hugann og færir hann yfir á rjetta afstöðu gagnvart þvf, sem fram er að fara. Ræðan kemur seint, eftir að hugurinn er orðinn vakandi og næmur til flugunar, þá sem bending, skýring, örfun og hughreysting fyrir hvers dags starfi og stríði, sem allra bður.

En í mótsetningu við þetta hafa raddir heyrst, er jafnvel vilja taka af þvf, sem nú er um hönd haft. Það er sem næst það, að taka frá þeim sem ekkert hefir, það lítið sem hann hefir. Biblu-lexfuna, söngsvörin, bænina, blessanina. Næst væri að taka sálmana, og þar á eftir yrði ræðan sjálf tekin burt, þvf þá yrði enginn eftir að hlýða á þana.

Þessi hugsun er blekking og skortur á menningar þroska. Það er sá ömurlegasti misskilningur, að um leið og kenningin er gjörð samrýmanleg við vit og þekkingu, verði að reka alt, sem þjónar fegurðarþrá mannsins, á dyr, vegna þess það kunni að felast í þvf einhver hættuleg kredda. Það væri sama sem að segja, að alt frjálshyndi, alt vísýni, öll skynsemi, væri fmynd þess líflausa og óskapada í ríki tilverunnar, eða þess dauða. Það er sama og segja, að það, væri fmynd þess ljóta, og sje eg þá ekki hverju mismunar við ofsa staðhæfingu *síðbótarmannanna gömlu, er sögðu að skynsemin væri frá djöflinum*. Kyrkjur vorar eiga að vera prýddar eftir þvf sem fong eru á. Guðsþjónustusiðirnir að vera gjörðir fjölbreytilegir, svo að þeir allir miði til þess, að veita lífinu virðing, hátign og gófgi. Jafnt þvf sýnilega, mannlífinu öllu, og þvf ósýnilega, guði í ríki alverunnar og hinu dulda eðli mannsálrarinnar. Fyrr en gjörð er alvarleg tilraun í þá átt, er menning vorri ábótavant. Og alla þá síði er snerta einstaklings tilveru vora, og veita henni gófgi og fegurð, en þó sjerstaklega helgisíðina, er vjer höfum getið um, eigum vjer að rækja eftir fremsta megni. Þvf þangað til vjer gjörum það, vitna verk vor og gjörðir á móti þeirri staðhæfing vorri, að vjer sjeum að byggja upp andlegan og trúarbragðalegan fjelagsskap, er eignast hafi rjettari skilning, en sá eldri, á tilgangi mannsins og eðli guðdómsins.

Kristileg siðfræði.

Fyrirlestur fluttur á sjöunda þingi hins Únntariska Kyrkjufélags Vestur-Íslendinga, af G. ÁRNASYNI.

(Framh.) Kristindómurinn var ekki búinn að vera lengi við líði, þegar fylgjendur hans fóru að sjá, að trúin á heimsendi og vonin um afturkomu Krists, höfðu verið tál. Afstaði Páls postula og annara kristinna leiðtoga gagnvart heiminum varð ómöguleg, þegar menn urðu að lifa í heiminum og byggja upp í honum stofnun, sem átti að fá marga áhangendur. Það bar nauðsyn til að setta sig við veröldina, og fyrirlíta ekki um of, það sem hún hafði að bjóða. Kristindómurinn náði fyrst framan af útbreiðslu, að eins meðal hinna lítilsigldari og fátækari, meðal þeirra, sem voru lítils metnir og höfðu fát af gæðum lífsins. En þeir einir gátu ekki gert hana að völdugri hreyfingu. Það varð að breyta honum svo, að hinir mentuðu og mikils metnu í mannfjelaginu, gætu líka aðhylst hann. Kyrkjuféðurnir á 3. og 4. öld, voru nágir vel að sjer í grískri heimspeki. Og áhrif hennar á þá, koma einna helst fram í siðferðiskeningum þeirra. Klemens frá Alexandríu, seint á 2. öld og snemma á 3., og fleiri, breyttu kristnum lífsskoðunum þannig, að menn gátu aðhylst þær, án þess að vera gagnsýrðir af þeim afneitunaranda, sem einkendi kristna menn á fyrstu öld og fyrri hluta annarar aldar. Og þessi samsteypa grískra lífsskoðana og kristinnar trúar hjelt áfram, þar til að lokum hin dýjandi gríska heimspeki hvarf inn í kristindóminn. En hún gerði það ekki án þess að setja sín einkenni á hann, og þau einkenni voru mjög varanleg. Um leið og kristindómurinn veitti móttöku þessum utan- að komandi áhrifum, útbreiddist hann og sameinaðist betur og betur ríkinu, þar til hann að lokum varð að viðurkendri ríkistrú, snemma á 4. öldinni, undir Konstantínusi keisara.

Útbreiðsla kristindómsins var ekki að litlu leyti því að þakka, hve ákveðnar siðferðiskeningar hans voru. Gömlu trúarbrögðin, grísku og rómversku, voru búin að vera í hnignun um langan tíma. Siðferðis hágrmyndir heimspekinganna voru fyrir ofan alþýðuna.

Stófkarnir t. d., sem töldu marga ágætismenn í sínum flokki, náðu ekki til almennings, þeir voru fjarlægir fjöldanum. Siðferðisástandið yfirleitt var hörmulega bágborið. Í Rómaborg, sem var höfuðstaður hins víðlenda ríkis, var það á afar lágu stigi. Náfnkendur þýzkur sagnfræðingur, Friedlauder að nafni, sem ritað hefir sögu siðferðisins í Rómaborg (Sittengeschichte Rom's), lýsir því á þessa leið: Íbúar borgarinnar skiftust í tvo hluta, þann sem sýlsaði undir sig afurðir nýlendanna, og flutti þær til Rómaborgar, og þann, sem að snfkti lífsviðurværi sítt út úr þessum blóðsugum. Rómaborg framleiddi ekki neitt, hún að eins dró til sín. Hlutverk alls ríkisins virðist hafa verið það eitt, að sæða og skemta fólki Rómaborgar. Keisararnir létu útbýta korni og öðrum matvællum til fjöldans, og stofnuðu til stórkostlegra skemtana fyrir hann. Þetta byrjaði á dögum lýðveldisins, þegar leiðtogarnir urðu að keppa um fylgi fjöldans og atkvæði. Og keisararnir hjeldu áfram til að þóknast fólkinu. En fyrirkomulagið gjörði alla fólka höfuðborgarinnar að snýkjúdyrum, sem lifðu á hinum stóra líkama ríkisins, og sugu blóð og merg úr honum". Og nautnirnar og skemtarnir voru þannig, að mann hryllir við að lesa um þær. Á stjórnarárum Ágústusar voru 10,000 menn, menn sem voru herteknir út um allan heim, og þrælur og glæpamenn, látnir drepa hverir aðra á leiksvíði til að skemta fólki Rómaborgar. Og eftirmenn hans voru engir eftirbátar hans í því, að skemta á þenna hátt. Óarga dýr voru flutt frá Afríku og Asíu og látin rífa menn á hol, til dægursiyttingar fyrir fólkið. Höfðingjalýðurinn lifði í gegndarlausu nautna-óhöfi. Einn af rithöfundum Rómverja segir: "Þið sjáið hjer borg, sem líkist velli a drepsóttartíma, þar sem ekkert er að sjá nema dauða líkami og hrafna, sem rífa þá í sig". Svona var ástandið á fyrstu og annari öld. Allir, sem nokkur snefill af heilbrigðri siðferðismedvitund var til í, sneru sjer frá því með viðbjóði. Kristna siðfræðin, með óbeit sína á þessu lífi, og fyrirheit sín um betra ástand, heilagleika og fullkomleika ástand, kom eins og hressandi stormur, sem feykir burt fólku köfnunarlofti. Tíminn var kominn til breytingar. Kristna siðfræðin breytti stórkostlega, hún umskapaði; en um leið varð hún fyrir breytingum, tók inn í

sig lífsskoðanir, sem voru eiga fárra manna, mitt í öllum þessum hroða og ófagnaði lífsins.

Afstada kristinna manna, gagnvart þessu siðferðis ástandi, kemur vel í ljós hjá Ágústínusi, kyrkjuföður, sem var uppi seint á 4. öld e. Kr. Hann kendi fráhrarf frá lífinu og iðrun. Algjörða viðurkenningu um fánýti lífsins. Náð guðs var það eina, sem gat frelsað mennina frá því illa. Og þessi afstada hjelst þangað til kristain var útbreidd orðin um öll lönd rómverska ríkisins og víðar, þá fóru nýjar spurningar að koma upp. Þá var farið að ræða um forlög og frjálstan vilja. Og það var aðal-siðferðis spurningin á miðöldunum. Þá var farið að gera grein fyrir siðferðislífi mannsins á heimspékilegu grundvelli. Siðferðiskennningar fyrstu alda kristinnar mistu kraft sínn, þegar það ástand, sem þær voru bót við, var ekki lengur til. Kyrkjan sjálf og leiðtogar hennar sukku niður í nýtt siðleysi. Sameining hennar og valdsins, sem ruddi henni braut upphaflega, og gjörði henni mögulegt að hafa áhrif á lífið, varð henni að fótakelli. Og breytingarnar miklu á siðbótartímunum voru, eða áttu að verða bót við því siðleysi.

Það sem sjerstaklega einkennir siðfræði siðbótarmannanna er, að þeir leggja nýja áherzlu á gildi einstaklingsins; og í því færast þeir nær fornu, grfsku, siðferðishugsjónunum. Að vtsu höfðu siðbótarmennirnir enga ákveðna skoðun um siðferðislegan þroska mannsins, eða fullkonnunartakmark, sem hann gæti sett sjer. Alt það góða, sem í mauninum ljó, var guðs verk, samkvæmt þeirra skoðun, en samband átti sjer stað, samkvæmt skoðun þeirra, nálli guðs og hvers einstaklings.

Germönsku þjóðirnar höfðu auðvitað haft snar siðferðishugsjónir áður en þær urðu kristnar. Og þær sleptu þeim ekki til fulls, þó þær kristnuðust. Áhrif kristindómsins á líf þeirra voru sjerstaklega í því falin, að siðir þeirra urðu mannúðlegri. Kristindómurinn færði frið-alstadar, þar sem hann breiddist út. Eitt af því sem einkendi Germanina í augum Rómverja, var virðing þeirra fyrir konunni og fjölskyldulífínu, sem var svo sjaldgæf í Róma-borg á dögum keisararíkisins. Það er löngum sagt að kristindómurinn hafi bætt hag konunnar, og hann gjörði það efallaust um líð og hann jók mannúð og færði mönnum nýja hugmynd um náung-

ans kærleika. En það var ekkert í hinni kristilegu siðfræði, sem sjerstaklega hjelt uppi veg og virðingu konunnar: Frá því á dögum Páls og fram á 16. öld, er siðbótin byrjaði, skoðuðu leiðtogar kyrkjunnar hjónaband og heimilislíf fyrir neðan sig. Og sú skoðun hafði, eins og kunnugt er, mjög ill áhrif á siðferði manna á miðöldunum. Virðingin fyrir konunni og fjölskyldulífinu var germönsk þjóðadygd, og hún rann inn í kristnu siðfræðina. Sama má segja um ást á heiðri og góðum orðstýr. Hún var til í fari þessara þjóða, löngu áður en þær urðu kristnar. Hún var dygd, sem var í samræmi við lífshætti þeirra. Hún hvarf ekki um leið og þær urðu kristnar, heldur blandaðist saman við kristnar siðferðishugsjónir.

Það er því miður, ekki unt að dvelja lengur við þessi eldri ttfmabil og þær þjóðir, sem voru fyrirrennarar nútíðarþjóðanna, þó eins og gefur að skilja, minst af því sem segja mátti, sje hjer sagt. En það væri óviðeigandi að ætla nútíðar siðfræðinni ekkert rúm í erindi eins og þessu. Og eg vil þess vegna í sem fæstum orðum minnst á hana.

Það getur ekki verið neinum vafa bundið í hugum þeirra, sem nokkuð þekkja til sögu mannsandans, að það er ein vefsindaleg skoðun, sem hefir haft meiri áhrif á allar aðrar skoðanir manna, en nokkur önnur gömul eða ný sanuindi — þessi skoðun er framþróunarkenningin. Darwin rannsakaði líf dýra og jurta, og hann fann framþróun í því. Síðan hann sagði mönnum frá þessari framþróun, hafa menn verið að rannsaka allt milli himins og jarðar, og alstaðar hefir framþróun fundist. Siðfræðin er ekki undantekning í þessu tilliti. Í henni finna menn framþróun í gegnum aldirnar. Enginn getur lesið bók eins og 'Evolution of Morals', eftir enskan fræðimann, Hobhouse að nafni, án þess að sannfærast um það. Siðfræði menningarþjóðanna nú á dögum, hefir verið að aukast og breytast um margar aldir.

Siðfræði nútímans er ekki kristin, ef með því er átt við hina gömlu kristnu siðfræði fyrstu og annarar aldar; hún er ekki grfsk; hún er ekki miðaldasiðfræði og hún er ekki germönsk eða norræn. Hún er allt þetta og meira til. Hverjar eru höfuðdygðir nútíðarmannsins, eða rjettara sagt, nútíðar mannkynsins, því í siðfræði nútímans er mikið meiri áherzla lögð á heildina, heldur en ein-

staklinginn? Rjettlæti er ein af þeim. En rjettlætið, sem vjer viðurkennum nú, er ekki rjettlæti Gyðinganna gömlu, sem heimtæði auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, og ekki heldur rjettlæti hinnar fyrstu kristni, sem ekki veitti órjettlætinu viðnám. Rjettlæti nútímans er í því falið, að koma í veg fyrir að einstaklingurinn geri öðrum rangt til. Það má segja að þessi rjettlætis-hugsjón sje rómversk, því Rómverjar voru þjóð, sem lagði mikið kapp á að vernda rjett manna með lögum, meðan þeir voru á snu bezta skeiði, áður en þeir lögðu heiminn undir sig, og fóru að beita órjetti við aðrar þjóðir. Samkvæmt nútíðar hugsjónum er það rjett, að þjóðfelagið taki fræm fyrir hendurnar á hverjum manni, sem gjörir öðrum órjett, ekki til að hefna sín á honum, heldur til þess að koma í veg fyrir órjettlæti. Kærleikurinn er önnur siðferðis hugsjón nútímans; hann er höfuðdygð. Hann kemur ekki í ljós sem ákveðið boðorð, að elska alla menn eins og sjálfan sig, heldur sem innri hvöt til að bæta kjör þeirra, sem lifa, og sem hvatning til velvilja meðal mannanna. Líknarstarfsemin, sem svo mikið er nú til af í heiminum, jafnaðarstefnan og friðarmálið — allt þetta, og margt fleira, byggist á þeirri tilfinningu, sem í Nýja testamentinu er kölluð kærleikur. Kærleikurinn er kristileg dygð. Það er máske ekki fjarri sanni að segja, að kristindómurinn hafi sigrað heiminn með honum.

Höfsemi eða bindindi er stórt atriði í siðfræði nútímans. (Jeg á náttúrlega ekki eingöngu við áfengisbindindi.) Öll ofnautn er ljót, samkvæmt siðferðiskenningum nútímans. Hún er skortur á stjórn skynseminnar yfir tilhneigingunum, og hún er andstæð fegurðar- og velsæmis-tilhneigingunni. Heimsafneitun hinnar fyrri kristni er fjarlæg nútíðarmanninum. Höfsemdygðin er miklu nær kenningu hinna forn-grísku heimspekinga, sem var að njóta gæða lífsins, en láta þó skynsemina ávalt stjórna; og geta verið án gæða lífsins, ef nauðsyn krefur.

Nútíðarmaðurinn hefir sannleiksþrá, sem hann hefir ekki tekið frá fyrri tíðum. Nútíðarlífð hefir framleitt hana. Hún er sjálf-sagt skyld germönsku ástinni á veruleika og því ósvikna. En það er þekkingin og vísindin, sem hafa órfað þessa þrá. Hún er að vísu undirrót þekkingarinnar; en það er eðli allrar sannrar þekk-

ingar, að því meiri sem hún er, því meiri verður þráin að vita meira. Og sanaleiksþráin nær ekki eingöngu til þekkingarinnar, hún hefir áhrif á allan hugsunarháttinn og breytnina. Hún verður að þrá eftir að vera sannur maður. Hún er andstæð hrásni og uppgerð, og hreinsar lífið, gjörir það verulegra og sannara í öllum skilningi.

Frelsið hefir síðan á 18. öld verið ein af höfuðdygðum þjóðanna, hið eftirsóknarverðasta hnoss. Í raun rjettri er frelsið hyrningarsteinn alls siðferðis nútímans, því siðgæði er í því fólgið, að maðurinn sje frjálst að velja það góða og hafna því illa. Ef það er rjett skoðun, að sumir menn sjeu fæddir með óviðráðanlegri tilhneigingu til glæpa, og hún virðist hafa mikinn vísindalegan stuðning, þá eru þeir menn ekki frjálstir. Þeir eru frjálstir, sem hafa heilbrigt upplag; og siðgóðir þegar þeir lifa samkvæmt sínu heilbrigða upplagi. Ef frelsið er ekki til, ef það er skert utan-af-frá, þá er í raun og veru siðferðið líka takmarkað.

Kristileg siðfræði nútímans, er þá af mörgum og ólíkum rótum rúnnin. Hún ber auðvitað mjög mikinn blæ af hinnu helztu siðferðishugsjón frum-kristinnar, kærleikanum. Án hans er engin siðfræði kristileg. En hún hefir margar hugsjónir, sem frumkristnin hafði ekki, og hún er auðugri fyrir það.

Siðfræðin breytist að nokkru leyti með lífinu sjálfu, eins og hún breytir því. En þó getum vjer ekki hugsað oss að siðferðishugsjónin, eins og rjettlæti, kærleikur, sannleiksást, frelsi og tamning tilhneiginganna, falli úr gildi. Og þær eru aðalatriðin í siðfræði nútímans, þær eru það sem vjer öll erum að reyna að lifa eftir, þó oss ekki ávalt takist það.

Útdráttur úr ræðu VILHJÁLMS STEFÁNSSONAR,

Wynyard, Sask., 3. júní 1913.

—:O:—

Eins og getið var um í síðasta blaði, flutti herra Vilhjálmur Stefánsson langt erindi og snjalt á samkomu, er Wynyard bær hjelt honum til heiðurs, 3. júní síðastliðinn.

Hann byrjaði með því að lýsa hugmyndum, sem menn gjörðu sjer um heimskautalöndin og norður rannsóknir. Sagði hann að sjer hefði borist brjef úr öllum áttum, og sitt hafði hver að ræða. Einn vildi selja honum flutninga-áhalð, er knýja átti áfram með vindi, annar ýmsan klæðnað, er verja átti kali o. s. frv., en flestir vildu vistast með honum. Einn lagði sjerstaklega áherzlu á það, að hann væri biblufræðingur, og langaði sig norður til að árjetta það, sem hann hefði allarcíðu komist á nokkra vissu með, við biblulesturinn, að Mósesbækurnar væri vísindalega rjettar. Þessi maður bjó í Utah. Annar sískur fræðimaður bað hann að segja sjer, hvaða land hann byggist við að finna, og hvort það væri út frá norðurpólnum, og hvort þar tæki ekki við annar höttur, hefði það lengi verið hugboð sitt.

Kvað ræðumaður, eins og brjef þessi bæru með sjer, lýsti þau fádæma þekkingarskorti á eðli og lögun jarðarinnar.

Ferð sína að þessu sinni kvað hann eingöngu rannsóknarferð. Hefði hann með sjer sjerfræðinga alkunna í öllum þeim fræðgreinum, er rannsóknin útheimtaði. Gjörði hann sjer vonir um, ef ferð þessi heppnaðist, yrði hún sú þýðingarmesta er nokkru sinni hefði verið farin, til þess að safna vísindalegum gögnum, viðkomandi sjávar og jarðar gróða við heimskautið. Ennfremur kvað hann það ætlan sína að rannsaka, afarstórt landflæmi er þar væri norðurfrá, og enn algjölega óþekt og órannsakað. Hafði hann þá sögu eftir Captein Peary, að Peary þóttist hafa sjeð land þar norður frá, er engin landabryjef sýndu. Taldi ræðumaður að land þetta gæti verið stærra en Grænland, og áleit hann það lægi norður af Beaufort hafi, milli 74—90 stigs norður breiddar, beint norður af

Alaska og Austur-Stbertu. Kvað hann rannsókninni heitið fyrst austur heimskauta hafð frá McKenzie flóa og norður til Prince Patricks eyjar. Þar gjörði hann ráð fyrir að hafa aðal vistabúr sitt, og hefja þaðan rannsóknarferðirnar yfir á þetta ókunna land. Hvað lengi hann yrði í ferðinni, taldi hann óákveðið, en ekki væri ráð fyrir gjört að leiðangurinn tæki skemur en 3 ár. Kvað hann það atlan sína, að með þessari ferð yrði lokið landkönnunarferðum Vesturálfunnar, er hafist hefði með fundi Amerísku.

Vjek hann þá nokkrum orðum að ýmsum ummælum, er kristnibodum og frjettariturum ýmsra blaða, hefði þóknast að hafa um sig. Og sagði hann fæst af því rjett hermt, er á sig væri bor- ið og eftir sjer haft. Viðvskjandi trúboði þar norður um, meðal Skrælingja, sagði hann það satt vera, að hann hefði heldur amast við því, vegna þess, að með kristnibodinu kæmist inn ýms- korar vestræn spilling, er horfði til tortýningar þessara frumbýl- inga íshafslandanna. Hann kvað það ómögulegt fyrir Skrælingja, að taka upp lífnaðarhætti síðuðu þjóðanna. Þar sem rekið hefði verið trúboð meðal Skrælingja undanfarið, mætti sjá þess glögg merki að þeir þjóðflokkar væri komnir í asturför. Væri komnir típp meðal þeirra ýmsir sjúkdómar, áður óþektir, meðal hverra tæríngin. Á hæla kristnibodanna kæmi prangarar, er fjefflettu þessar fávitru þjóðir, og steypu þeim í óreglu og vesaldóm. Sagð- ist hann því vilja láta útíloka, ekki eingöngu trúboðana, heldur þraugará og grávörukaupmennu alla, því hvorirtveggju hefðu skað- vænleg áhrif. Samkeppniin væri þar ágeng og ómannúðleg, jafnt tím sálir sem um skinn. Taldi hann að Skrælinginn hefði sína síð- menningu út af fyrir sig, er þarfir hans og staðhættir útheimtu, og yrði það hans bani, færi hann að reyna að semja sig eftir síðum og háttseimi Norðurálfu manna. Náttúruskilyrðin leyfðu það ekki.

Að lokinni ræðu, var ræðumaður spurður eftir fundi hans á hinum ljóshærðu Eskimóum, og hvað hann teldi því til sönnunar, að þeir væru afkomendur Íslendinga á Grænlandi, og hvort nokk- ur orð í máli þeirra nú, benti á norrænan uppruna.

Svaraði hann því, að vísindamenn hefði haft sagnir af, að til væri norður þar, ljóshærðir villimenn, snemma á 19. öld. Hefði landkönnunarmadurinn Franklín verið fyrstur manna til þess, að

geta þess. Þessu hefði líftill gaumur verið gefinn, vegna þess, að eftir Franklens dag, hefði menn ekki orðið varir þessara manna. Og sjálfur sagðist hann hafa orðið fyrstur til þess, að finna þá og dvelja á meðal þeirra.

Í hópnum sem hann hefði dvalið með nú undanfarin ár, sagði hann að væri eitthvað um 12 manns, er væri ljósir á brún og brá, og bæri þess glögg merki að þeir væri ekki af Eskimóa ættum. Væri sumir þeirra hrokkinhærðir, en Eskimóinn ætti ekkert sammerkt við hrokkið hár. Eitthvað um 50 manns stæði miðja vega milli Eskimóa og þessara ljóshærðu Skrælingja, og sýndust meir blandaðir. Það sem einkendi þá og hina ljósu frá Eskimóum væri vaxtarlag og höfuðlag. Höfuð Eskimóans væri breiðast yfir kinnbeinin og mjókkadi svo upp. Aftur væri höfuð Norðurálfumannsins, nokkuravegin jafnbreitt upp, fyrir ofan gagnaugun. Svo væri og með þessa ljóshærðn menn. Sagði hann að þeir hefðu algjörlega höfuð og vaxtarlag Evrópumanna. Væri sumir þeirra vel vaxnir og fullgildir meðalmenn að stærð. Væri hjer því ótvífræð bending um, að þeir væri í ættum við hvíta menn.

EKKI sagðist hann halda því fram, sem vísindalega sannað, að þeir sjeu afkomendur Íslendinga á Grænlandi. En að svo miklu leyti sem hann vissi, þá væri tæplega um aðra hvíta menn að ræða, er þangað hefði hrakist norður og aukið þar kyn sitt. Sagan gæti þess ekki. Því fólk þetta væri ekki afkomendur hvalfangara eða skipbrotsmanna þar norður frá. Því hann hefði verið fyrstur hvítra manna að heimsækja þá.

Í máli þeirra sagðist hann ekki hafa getað merkt neitt, er benti á norrænan uppruna; enda væri þess engin von. Þó Norðmenn hefði fluttst þarna norður, fyrir 500 árum síðan, þá hefði þeir verið samennir í samanburði við Skrælingja er fyrir voru. Þeir hefði orðið að leggja niður alla sína siðmenningu, og semja sig að háttum Skrælingja, annars hefði þeir ekki getað haldið lífi þar nyrða. Nöfn á öllu, aðlútandi klæðnaði, veiðarfærum, dýrum og þess háttar, hefði Skrælingjar allareidu haft, og hefði því ekki norræn heiti á þessum hlutum getað flenzt þar. Þó áleit hann að hugsanlegt væri að eitt orð, er hann heyrði, gæti verið norrænt, orðið "Argluk", er þýðir úlfur. Nefnifallsmynd í máli Eskimóa er

ýmist "úk" eða "lúk", en norræna orðið "Vargr", i. e. úlfur, breyzt í "Arg-". Ekki kvaðst hann þó telja það neina vissu, að orðið væri þannig til komið.

Erindið tók tæpan klukkutíma, og hlýddu menn því með hinni mestu athygli.

Bóka og handrita safn Kyrkjufjelagsins.

Eins og þeim, sem lesið hafa fundargjörðir síðasta þings kyrkjufjelags vors, er kunnugt, þá var sú samþykkt gjörð, að kyrkjufjelagið tæki að sjer, að safna öllum þeim skrifuðum og prentuðum blöðum og ritum, er að einhverju leyti snerta trúarhreyfingu vora, meðal Íslendinga hjer vestra. Var ritstjóra "Heimis" falið á hendur að annast um söfnun þessa, fyrir hönd kyrkjufjelagsins. Búist var við, að mikið af slíkum blöðum og ritum, væri til í eigu einstakra manna, er fúsir myndi vera að hjálpa kyrkjufjelaginu til að koma slíku safni á fót, annaðhvort með því að selja rýmilega eða gefa til þessa fyrirhugaða safns, það sem þeir kynni að hafa af þessháttar dóti.

Nú eru það vinsamleg tilmæli vor, að sem flestir vildi taka þetta mál til fhugunar og greiða því götu. Fyrir allt sem sent verður skal kvittað í blaðinu, jafnóðum og það berst til vor.

Engum getur blandast hugur um að mál þetta er þess vert, að því sje gaumur gefinn, og að kyrkjufjelaginu beri að gangast fyrir þessu. Saga trúmála vorra á skilið að varðveitast frá glötun og týnzlu. Því áreiðanlega hefir engin hreyfing haft jafn mikil, varanleg og mentandi áhrif á hugsunarhátt þjóðar vorrar, eins og frjálstrúar hreyfingin hjer vestra. Hún hefir gjört það, sem ekkert annað gat gjört; hún hefir vakið menn af dvala, til sjálfstæðra hugsana. Hún hefir brotið niður hefð og vald vanans, er hjelt mönnum í andlegu deyfðarmóki og sinnuleysj, og veitt trúarhvötinni nýtt líf, nýtt ljós og nýjan sannleika.

Það er áreiðanlegt að hin forna, hleypidóma, úfga, og bók-

stafsbundna trú, er með öllu horfin meðal vor Íslendinga, og kemur aldrei aftur. Dyr kyrkjunnar eru opnaðar fyrir viti og skynsemi, og það hefir haft þær blessunarríku afleiðingar, að trúarskoðanir vorar, sem þjóðar, eru nú víðsýnni, frjálslyndari, mannúðlegri, og skynsamari, en þær hafa nokkru sinni áður verið. Rýmkunar tilraunir "Nýju guðfræðinnar" meðal vor, eiga þeir rætur að rekja, til trúarbaráttu vorar frá fyrri árum. Vopn þau, sem "Nýja guðfræðin" beitir nú, í baráttu sinni við hinar eldri skoðanir, eru að láni fengin frá oss, "skoðanafrelsi", "rannsóknarfrelsi", "samvirkufrelsi". Þau eru einu sverðin, sem höggvið geta í sundur hlekkina, sem lagðir eru á andlega og tímanlega velferð og framsör mannkynsins. Sigur fylgir þeim sverðum, og um leið og þau særa, græða þau á sama hátt, því lífsteinninn er greyptur í hjöltin.

"Ætlið eigi að eg sje kominn til að senda frið á jörð, til þess em eg eigi kominn, heldur sverð", sagði Meistarinn. Það eru þessi sverð.

Saga trúarhreyfingar vorrar, er því þess verð að hún geymist, og til þess er aldrei of snemma byrjað, að safna heimildum. Vjer viljum því alvarlega skora á alla, er í förum sínum kunna að hafa eitthvað, er að einhverju leyti getur skýrt frá starfi, útbreiðslu og stefnu trúarhreyfingar vorrar frá fyrstu tímum, að senda oss það. Það skal verða vel varðveitt og öllum heimilt að ganga að því, er þess kunna að óska.

Af prentuðum ritum er þetta það helzta er vjer óskum að fá, og útgefið er hjer vestra :

I. FYRIRLESTRAR :

1. Þýðingar sjera Björns heitins Pjeturssonar.
 - a. Guð Gyðinga og Guð kristinna manna.
 - b. Mótsagnir Orþódoxfunnar.
 - c. Um þrenningarlærdóminn.
 - d. Katekismus Únftara.
2. Fyrirlestrar sjera Magnúsar J. Skaptasonar.
 - a. Um útskúfunarkenninguna.
 - b. Um Bókstaflegan Innblástur ritningarinnar.
3. Fyrirlestur Jóns ritstj. Ólafssonar; Til hugsandi manna.

II. TÍMARIT OG BÆKUR:

1. Dagsbrún, Mánaðarrit sjera M. J. Skaptasonar, Gimli & Wpg.
2. Lýsing, Mánaðarrit sjera M. J. Skaptasonar, Wpg.
3. Rannsóknar Öldin. Þýðing sjera M. J. Skaptasonar.
4. Höfuðpresturinn í Israel. Fylgirit Heimskringlu.
5. Trúin á Guð. Þýðing sjera M. J. Skaptasonar.

III. PRENTAÐIR RITLINGAR OG SVÖR,
frá andstæðinga hlíðum, er mótmæla Únttarakenningunni.

IV. ÓPRENTUÐ RIT OG BRJEF OG SKILRÍKI:

1. Safnaðar bækur, frá eldri og yngri tíð, og alt er lýtur að sögu safnaðanna ýmsu, er tekið hafa upp úntariskar skoðanir.
2. Brjef einstakra manna, er skýra trúarafstöðu ýmsra flokka, bygðarlaga eða einstaklinga á mismunandi tímum.
3. Fundarbækur og önnur skrifuð rit "Menningarfjelagsins" forna í Dakota, og þess yngra, vestur á Kyrrahafsströnd.
4. Ritsöfn einstakra manna, er suerta trúar og kyrkjumál vor Íslendinga vestra, má þar til nefna, sjerstaklega þessara 4. látinna fræðimanna Íslenskra: Jónasar Kortssonar, Benedikts Pjeturssonar, Gunnars Gíslasonar og Sigurbjörns Stefánssonar. Auk þess kunna að vera fleiri, er oss er eigi kunnugt um, sem eigi ólíklega hafa eitthvað eftir sig skilið í þessa átt, t. d. Baldvin Helgason, er síðast bjó í Selkirk; Gíslí Sæmundsson, er fluttist frá Dakota vestur að hafi, snemma á tíð, og dó þar o. fl.

Það annað fleira, suertandi sögu vora Vestur-Íslendinga, er menn kynni að eiga og vildi unna kyrkjufjelagi voru að eignast, svo að safnið mætti verða yfirgrips meira en í fyrstu var gjört ráð fyrir, verður þakksamlega þegið. Margt gæti þar komið til greina, svo sem blöð og tímarit, ritlingar og smárit, ýmislegs efnis.

Vjer viljum alvarlega mælast til þess, að fólk vefsvegar um þessa álfu vilji góðfúslega aðstoða oss í þessu efni, og gjöra sitt til að rjetta jafn þörfu og góðu máli hjálpanði hönd, svo að þessari söfnun geti verið lokið fyrir næstkomandi þing.

Til mikils er ekki mælst, en fáir hugmynd þessi framgang, getur það borið mikinn og góðan árangur fyrir seinni tíð.



Trúðar.

I.

VILHJÁLMUR IX. FRÁ POITIERS.

Trúður er orð sem vjer höfum oft heyrð. Táknað það nú orðið, í algengu máli, fífl, eða þann sem skemtir með leikjum og ljettúðar gamni ýmsu. Hefir orðið víðast hvar fremur óvirðulega merkingu. “Trúðar og leikarar leika þar um völl” segir Dr. Grfmur Thomsen um leikara Goðmundar á Glæsivöllum “en lítt er af setningi slegið”. — Þó þetta sje almennur skilningur, er hann alls ekki rjettur. Hefir tapast þekking á uppruna orðsins og sögu, sem er nátengd blómaldar sögu miðalda bókmentanna.

Hvað er Trúður og hverjir voru Trúðarnir?

Öllum er kunnugt um hirðskáldin íslenzku á miðöldunum, er sátu við hirðirnar og kváðu konungum lof.

Sunnan til í Frakklandi, í Province hjeræðinu var um sama leyti uppi skáldaflakkar er nefndir voru “Troubadourar” eða “Trúðar”, eins og Norðmenn kölluðu þá. Sungu þeir færra um konunga og orustur, en meira um ástir ríkra drotninga og frsóra meyja. Fóru þeir land úr landi, hjeldu sig við hirðir greifa, hertoga og konunga, undir vernd drotninga og ríkra kvenna, og ortu til þeirra mansöngva og æfintfra ljóð. Voru mörg þessara ljóða hin fegurstu að rími og orðfæri. Að efni til voru þau misjöfn, en oftast eitt hvert ástar æfintfri, ef kvæðinu var ekki snúð eingöngu til þeirrar er til var ort. Eru sum þessara kvæðu fyrstu heimildir, að hinum suðrænu æfintfrasögum er margir þekkja.

Flestir voru Trúðarnir, umkomulitlir menn, er unnu sjer til frægðar með ljóðhagleik snum, og óseðjandi æfintfraþrá. Þó voru nokkrir af tignum ættum. Við gat borið að þeir fjelli í ónáð fyrir kvæði sn, hjá konungum og hertogum, er þótti þeir hafa fullmikinn umgang við heldri konur hirðarinnar. Kom stundum fyrir að rógburður og öfundskýki galt þeim líflát að kvæðislaunum. Urðu þá þeir atburðir orsök til nýrra kvæða og æfintfra ljóða.

Einn meðal fyrstu Trúðanna er sögur fara af, var hinn frægi aðalsmaður og greifi, Vilhjálmur IX. frá Poitiers. Þótt göfugar

ættar, var hann skáld gott, eins og Haraldur konungur Sigurðarson. Er hann honum og að mörgu líkur, æfintfra og ástamaður mikill, hraustmenni og hugdjarfur og manna vopndjarfastur. Þó gat hann líka verið ljúfur og mildur, og bera sum kvæði hans vott um heitar og næmar tilfinningar. Í ljóðum Troubadouranna er jafnan blandað allmikilli ljettúð, og kemur það einnig fram í kvæðum hans sumum. Hann var af Helenar, konu Hinriks II. Englakonungs, móður Ríkarðar Ljónshjarta. Var hún hin mesta æfintfra kona er sögur geta um á 12. öld. Átti hún fyrst Hinrik VII. Frakka konung, en skildi við hann og giftist þá Hinriki II. Englakonungi, og var hann fullum tíu árum yngri en hún. Var sagt að aldurinn hefði aldrei gjört henni mein, því hún hefði haldið fegurð og hrifð alla er undir hennar áhrif fjellu, fram undir elliár.

Vilhjálmur IX., greifi í Poitiers og hertogi í Aquitaine, var fæddur 1071. Tæpra 15 ára tók hann við ríkjum. "Hann var snemma herskár, orðhagur, ástægjarn og ófyrirleitinn; en afburða kurteis og oft órlátur á fje, og með sprettum guðhræddur. Þó var hann ómjúkur prestum og kennilyð". Saga ein um það er til. Á fertugasta og þriðja ári Vilhjálms lagði biskupinn í Poitiers hann undir bann. Er biskup hóf bannfæringuna, dregur Vilhjálmur sverðið og hótar að höggva hann ef hann haldi áfram. Læst biskup þá ætla að nema staðar, en í stað þess hraðar af lestrinum. "Nú megid þjer höggva", segir hann, "því nú er jeg búinn". "Nei", svarar Vilhjálmur og slóðrar sverðið, "mjer er ekki svo kært til yðar, að jeg vilji senda yður til Paradisar".

Árið 1095 hefst fyrsta krossferðin. Af stórhertogum og aðli Suður-Evrópu var Vilhjálmur sá eini er ekki lét skipast við á eggjan Raymundar af Toulouse, og tók engan þátt í henni. En er sigufrjettin spurðist 1099 um að Jerúsalem væri tekin, og boðið var út öðrum leiðangri til hjálpar setulíði borgarinnar, gat Vilhjálmur ekki setið hjá. Snemma á árinu 1101 leggur hann af stað og kveður hann þá, með einu sinna fegurstu kvæða, höll og hirðskara, frændur og vini. Sonur hans var þá barn að aldri og óttast hann hversu honum muni farnast meðan hann er í burtu, og hræðist svikráð frænda og vina, ef honum sjálfum ekki auðnast

að koma til baka aftur. En að tveim árum liðnum kemur hann heim aftur. Orti hann langt háðkvæði um leiðangur þenna. Árið 1127 deyr hann, 56 ára gamall.

Þýðingarbrot af þessu kvæði er hann orti, þegar hann leggur í leiðangurinn, hefir oss borist, og látum vjer það fylgja á öðrum stað.

KVEDJA.

Vilhjálmur IX frá Poitiers, 1071—1127.

Eg hraustur var og hafði völd
En hjer við skiljum nú í kvöld.
Eg fer — til Hans, um alla öld
Er auðnu ræður manna á jörð.

Og skil mig allri skemtan frá,
Við skart og tign og metin há,
En hjálpar völinn hallast á
Og hjaðan burt míu fór er gjörð.

Mjer fyrirgef við fjelagsslit
Frekju og misgjörð, vinakrit.
Á tungu Róma og Franka eg flyt,
Við fótstól Jesú, bænegjörð.

Eg metnað bar og eg var ör
Unz mjer Drottinn greiddi svör
Nú sorgar orð mjer sitja á vör
Mín syndabyrði er mjer of hörð.

En feignur ef eg fell í val
Þá flyt mjer ljóð og ásta-tal.
Það var mjer líf. Um lúgan sal
Ljósið og Gledin, haldi vörð.

Lotteri.

—:0:—

Mikið var rætt um að stofna lotteri með lögum, á alþingi Íslands, í fyrra sumar. Eftirfylgjandi grein um lotteri tókum vjer úr ameríska tímaritinu 'Leslies Weekly', og munu flestir, er mál-ið hugsa, vera henni sámdóma.

"Þó það þýði margra milltóna dollara tap, fyrir ríkissjóðinn, þá sýnir Ítalfa sanna frámför í því, að afnema lotteri. Árið 1907--8 voru tekjur ríkis-lotterisins \$16,680,000, og eftir að allur kostnaður og seðlar voru borgaðir, var afgangur í hrcinum ágóða \$8,680,000. En það sem í fljótu bragði virðist vera stór arður ríkisins, er ekki eingöngu algjört tap, meginþorra þeirra er kaupa í lotteríinu, heldur og lfska það sem skadlegra er, að með því er verið að örfa, meðal þjóðarinnar, fjárglapa og veðmála tilhneigingu, og skapa von um að mögulegt sje að afla sjer víðurværis án þess, að vinna til þess. Það virðist ganga seint að útrýma ríkislotteri-um í Evrópu; Spánn, Austurríki, Holland og Prússland halda einn í þau, og renna seðlarnir út. Suður-Ameríku lýðveldin hafa einnig drýgt þá stóru yfirsjón, að hlynna að lotteríum sín á meðal, og þar með hlynna að iðjuleysi og fjárglæfraspilum meðal almenningisins".

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og anglýsinga.
Kostar EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únítaríska Kyrkjufjelagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUFUND:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, Guðm. Arnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður
533 Agnes St. 45 Aikens Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins víðvíkjandi sendist til ritstjórans, 533 Agnes St.
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikens Bldg.

GIMLIPRENTSMÍÐJAN.

FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ og ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þjer veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánun peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðun. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 --- P. O. BOX 645

Hið Unítariska Kyrkjufjelag Vestur-Íslendinga.

(Stofnað 1901).

Forseti: S. B. Brynjólfsson

Skrifari: sjera Guðm. Árnason

Fjehirðir: Hannes Pjetursson

} Winnipeg, Manitoba.

TILGANGUR: Tilgangur fjelags þessa er, að leitast við að efla og stofnsetja únítariska söfnuði meðal Íslendinga, útbreiða frjálslyndi í trúarskoðunum, og viðhalda skynsamlegum, lifandi og göfugandi trúarhugmyndum, í elsku til guðs og þjónustu manna.

MEÐLIMIR: Í fjelagi þessu geta staðið bæði einstakir menn, sem að þessum fjelagsskap vilja vinna, og söfnuðir þeir, sem stefna að hinu sama markmiði.

Hjá fjelaginu eru eftirfylgjandi rit til sölu:

1. Lærdómskver (Barnalærdómur eftir únítarískri kenningu) 35c.
2. Grundvallarlög Kyrkjufjelagsins 5c.
3. Heimir Mánaðarrit. 288 bls. á ári. Yfir árið . . . \$1.00
4. Heimir, I—VIII árg., innheftir, hver á 50c.

Pantanir á ofantöldum ritum, sendist skrifara, eða á skrifstofu "Heimis", 533 Agnes St., Winnipeg, Man.

NOTIÐ

ROYAL CROWN

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrýgri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekkert.

The Royal Crown Soaps, Ltd.

Verðlaunadeild,

Winnipeg, - - - Canada.

**Nýtizkulegasti og endingarbefti
skófatnaður í Canada.**

Þrjár verksmíðjur, Montreal og St. Hyacinthe
Tvær sérstakar tegundir—

“AMES HOLDEN SKÓR”

“McCREADY SKÓR”

Nægar birgðir til skjótrar útsendingar í vörugæymsluhúsi
okkar í Winnipeg.

Ames Holden McCready, Limited